

við vatn og brauð í 5×5 daga. Í iðgjöld ber honum að greiða Hermannni Jónssyni á Hrauni 30 krónur. Svo greiði hann og allan af máli þessu í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflytningu laun til hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirrettarmálflytningu Eggerts Briem og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 krónur til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 15/1894:

Ritstjóri Hannes Þorsteinsson
 gegn
 bæjarfógeta Halldóri Daníelssyni.

D ó m u r:

Með dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 18. jan. þ. á., var Hannes Þorsteinsson ritstjóri í máli, er bæjarfógetinn í Reykjavík, Halldór Daníelsson, að boði amtsins hafði höfðað gegn honum út af meiðyrðum, dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í einfalt fangelsi í 15 daga, hin átöldu meiðandi og móðgandi ummæli um bæjarfógetann dæmd dauð og marklaus, og ennfremur var hann dæmdur til þess að greiða kostnað málsins, þar á meðal dagpeninga og ferðakostnað til hins setta dómara, sýslumanns Franz Siemens, 45 kr., og 15 kr. til hins skipaða talsmanns bæjarfógetans, Hannesar landritara Hafsteins.

Þessum dómi hefur ritstjóri Hannes Þorsteinsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 11. aprílmán. næstliðins, og þar krafzt, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði sýkn dæmdur af öllum kærnum og kröfum stefnda, eða að hin ídæmda sekt í öllu falli verði hæfilega færð niður, og að sjer verði dæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum með einhverri eptir rjettarins mati nægilegri upphæð. Hins vegar hefur hinn stefndi krafzt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað með einhverri að rjettarins mati nægilegri upphæð.

Mál þetta er upphaflega risið út af nafnlausri grein einni í blaðinu Þjóðólfi — en áfrýjandi er ritstjóri þess — 45. árg. 51. tölubl., sem ritað er yfir »Óaldarbragur«; segir meðal annars í grein þessari, að á hverju hausti hafi borið allmikið á þjófnæði hjer í bænum, og sjaldan eða aldrei komizt upp, því að engin gangskör hafi verið gjörð af hálfu lögreglunnar til að leita uppi hina seku, enda hefur afleiðingin af þessu afskiptaleysi orðið sú o. s. frv. Ennfremur segir þar: »mælt er að bæjarfógeti hafi færzt undan að rannsaka nokkuð þennan stuld í Landakoti, er þess var farið á leit við hann«, og loks: »Þá er lögreglan ekki lætur neitt á sjer bera, þá er eðlilegt, að alls konar óaldarháttur og óráðvendni færizt í vöxt. Menn ganga upp í þeirri dulunni, að þjófnæði og strákapörum er ekki sinnt og verða æ djarfari og djarfari, einmitt undir handarjaðrinum á lögreglunni. Það verður að taka hjer eitthvað alvarlega í taumana til þess að láta menn komast að raun um, að hjer sje þó til einhver lögreglustjórn«. Þessi ummæli, sem áfrýjandi ekki hefur rökstutt, eru mjög meidandi

fyrir hinn stefnda bæjarfógeta, og er áfrýjandi því rjettilega sektaður fyrir þau eptir 219. gr. almennra hegningarlaga. Að því kemur til málskostnaðar í hjeraði, hefur áfrýjandi haldið því fram, að undirdómarinn hafi reiknað kostnað sinn við 5 ferðir frá Hafnarfirði of hátt og vill því fá málskostnaðinn lækkaðan að því kostnaðarreikning setudómarans snertir úr 45 kr. niður í 20 kr.; en til slíkrar niðurfærslu virðist engin ástæða vera. Með því nú landsyfirdómurinn fellst á hjeradsdóminn bæði að því snertir sektarupphæðina, ómerking hinna átöldu meiðyrða og ákvæði hans um málskostnað, — þar með talin laun hins skipaða talsmanns stefnda í hjeraði, þá ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinum áfrýjanda dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Hannes Þorsteinsson, greiði stefnda, Halldóri bæjarfógeta Daníelssyni, málskostnað fyrir landsyfirdóminum með 15 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 62/1893:

Eiríkur Jóhannsson
 gegn
 Ólafi Árnasyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjeraði höfðaði af hinum stefnda